144. löggjafarþing 2014–2015.
Þingskjal 944 — 518. mál.

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur
um bólusetningar barna.

1. *Hvaða reglur gilda um bólusetningar barna?*

Samkvæmt 5. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, skal sóttvarnalæknir skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um allt land og halda smitsjúkdómaskrá sem tekur meðal annars til ónæmisaðgerða. Í reglugerð nr. 221/2001, um bólusetningar, er kveðið á um að börnum með lögheimili hér á landi skuli boðin bólusetning gegn tilteknum smitsjúkdómum þeim að kostnaðarlausu.

2. *Hefur fjöldi barna sem ekki hefur verið bólusettur breyst síðustu 10–15 ár?*

Samkvæmt reglugerð nr. 221/2001 skal skrá allar bólusetningar á Íslandi í miðlægan bólusetningargrunn. Grunnurinn inniheldur upplýsingar um allar bólusetningar á Íslandi frá árinu 2005, en upplýsingar um bólusetningar fyrir þann tíma eru einungis til á þeim stöðum þar sem bólusetningar fóru fram, svo sem á heilsugæslustöðvum. Grunnurinn byggist á rafrænni skráningu bólusetninga á heilsugæslustöðvum, sjúkrastofnunum og skólum hér á landi.

Þátttaka í bólusetningum barna er almennt góð hér á landi. Frá árinu 2005, þ.e. eftir tilkomu bólusetningargrunns, hafa tölur um þátttöku barna í bólusetningum verið nokkuð stöðugar og ekki er að sjá merkjanlegan mun á þátttökutölum á tímabilinu. Eftirfarandi myndir sýna þátttöku í bólusetningu barna undanfarinn áratug.











Meðaltal þátttöku barna í bólusetningum frá árinu 2005:

- Þátttaka í bólusetningum fyrir barnaveiki, stífkrampa, kíghósta, Hib-heilahimnubólgu og lömunarveiki var 95% hjá þriggja mánaða gömlum börnum, 93% hjá fimm mánaða gömlum börnum og 88% hjá tólf mánaða gömlum börnum.
- Þátttaka í bólusetningum fyrir mislingum, hettusótt og rauðum hundum var 90% hjá 18 mánaða gömlum börnum.
- Þátttaka í bólusetningum fyrir meningókokkum C var 95% hjá sex mánaða gömlum börnum og 88% hjá átta mánaða gömlum börnum.
- Þátttaka í bólusetningum fyrir pneumókokkum var 96% hjá þriggja mánaða gömlum börnum, 93% hjá fimm mánaða gömlum börnum og 88% hjá tólf mánaða gömlum börnum.
- Þátttaka í bólusetningum fyrir HPV-veirusýkingu (gegn leghálskrabbameini) er hjá tólf ára stúlkum 93% við fyrstu bólusetningu, 92% við aðra bólusetningu og 90% við þriðju bólusetningu.

Að lokum skal þess getið að til að ná til barna sem ekki hafa verið bólusett sendir sótt-varnalæknir nafnalista til heilsugæslunnar um þá einstaklinga sem ekki eru bólusettir samkvæmt bólusetningargrunni. Þannig er hægt að hafa upp á einstaklingum sem eru ekki bólusettir og bjóða þeim bólusetningu og jafnframt er hægt að lagfæra skráningu í grunninum ef um slíkt er að ræða.